



Hreppsnefnd 22.10.09

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 22. okt. 2009 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mættir Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Anna Pála Víglundsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir, Kristín Reynisdóttir og Þórdís Þorbergsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 8. okt. 2009

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 8. okt. sl.

Fram kom fyrirspurnir vegana 2.tl." menningarmálanefnd" og 3.tl. atvinnumálanefnd" og var þeim svarað.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 14. okt. sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 14. okt. sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 4. tl.

Fundargerðarinnar, varðandi framhaldsskólamenntun á Vopnafirði í samstarfi við framhaldsskólann á Laugum eða annarsstaðar. Lagði hann til að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það verkefni að kanna þessi mál og vinna tillögur sem lagðar yrðu fyrir hreppsnefnd í þessum efnum. Í starfshópnum verði skólastjóri Vopnafjarðarskóla, formaður skólanefndar og forstöðumaður þekkingarnets Austurlands á Vopnafirði.

Fram kom fyrirspurn um 3. tl. fundargerðarinnar varðandi fyrirhugaða námsferð leikskólans. Nokkrar umræður urðu um þennan lið. Oddviti og sveitarstjóri svöruðu síðan framkominni fyrirspurn.

Tillaga sveitarstjóra varðandi framhaldsnám var síðan samþykkt samhljóða..

3. mál. Fundur með þingmönnum kjördæmisins 29. okt. nk.

Lagt fram bréf frá SSA, þar sem tilkynnt er um fund með þingmönnum kjördæmisins með sveitarstjórnnum, en slíkur fundur verður á Vopnafirði fimmtudaginn 29. okt. nk. kl. 9.30 á Vopnafirði. Sveitarstjóra falið að taka saman minnisblað um þau málefni sem áætlað er að ræða á fundinum.

4. mál. Aukaframlag Jöfnunarsjóðs, reglur og úthlutun.

Lagðar fram nýjar reglur um ráðstöfun 1.000 milljón kr. aukaframlagi Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2009. Jafnframt lagt fram yfirlit yfir útreiknað framlag til sveitarfélaganna á grundvelli þessara reglna. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhepps hvetur til þess að fjárveitingavaldið sjái til þess að á fjárlögum 2010 verði áætlað fyrir aukaframlagi til Jöfnunarsjóðsins. Slíkt er nauðsynlegt til þess að mörg Sveitarfélög í landinu geti sinnt lögboðnum verkefnum sínum.

5. mál. Vegagerðin samningur o.fl.

Lagður fram þjónustusamningur milli Vegagerðarinnar og Vopnafjarðarhepps fyrir árið 2009. Jafnframt voru kynntar hugmyndir samgönguyfirvalda um niðurskurð og hagræðingu í rekstri vegagerðarinnar.

Samþykkt að óska eftir viðræðum við samgönguráðuneytið og Vegagerðina um yfirtöku Vopnafjarðarhepps á þjónustudeild Vegagerðarinnar á Vopnafirði.

6. mál Hamrahlíð 26, tilboð

Lagt fram tilboð frá Einari Ólafi Einarssyni í húseignina Hamrahlíð 26 að fjárhæð kr. 900 þús. Kr.

Jafnframt lagt fram yfirlit um fasteignamat húseignarinnar miðað við 31.12.2008, en þar kemur fram að fasteignamat húss og lóðar er 3.070 þús. Kr.
Hreppsnefnd samþykkti að auglýsa húsið til sölu.

7. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Aðalfundarboð Haust 28. okt. nk.2009

Lagt fram til kynningar.

b) Aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna 2. nóv. nk.

Lagt fram til kynningar

c) Snorraverkefnið bréf dags. 16. okt. 2009

Vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

d) Gjöf frá menningarmálanefnd og Sigríði Dóru.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir gjöf sem sveitarfélaginu barst frá Sigríði Dóru Sverrisdóttur og fráfarandi menningarmálanefnd. Um era ð ræða hljóðkerfi skv. Meðfylgjandi yfirliti, sem nýtast mun til margvíslegra hluta. Viðkomandi er þökkuð góð gjöf.

e) Bréf Framkvæmdasjóðs fatlaðra dags. 14.10. 2009.

Lagt til að sveitarstjóri sækji um framlag til aðgengismála fatlaðra í Vopnafjarðarskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið.